

Persónuverndarstefna Golfsamband Íslands (GSÍ)

Með persónuverndarstefnu eru veittar upplýsingar um hvernig Golfsamband Íslands (GSÍ), kt. 580169-2799, Engjavegi 6, 104 Reykjavík, vinnur persónuupplýsingar meðlima sinna sem nota vefsíðu sérsambandsins, www.golf.is og mitt.golf.is. Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við gildandi persónuverndarlög á hverjum tíma"

GSÍ er umhugað um örugga meðferð persónuupplýsinga

Við virðum rétt þinn til einkalífs og tryggjum að öll meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Við tryggjum að persónuupplýsingar séu ekki afhentar óviðkomandi þriðju aðilum og sérhver miðlun persónuupplýsinga á sér aðeins stað með samþykki viðkomandi eða í samræmi við heimild í gildandi persónuverndarlöggjöf. Við virðum sjálfsákvörðunarrétt þinn varðandi alla meðferð persónuupplýsinga og í persónuverndarstefnu þessari er nánar lýst hvernig þú getur haft áhrif á það hvernig persónuupplýsingar þínar eru notaðar.

Persónuverndarstefna þessi inniheldur upplýsingar um hvernig GSÍ meðhöndlar persónuupplýsingar um þig, s.s. um söfnun, tilgang og heimild vinnslu, varðveislutíma og öryggi þeirra.

Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, það er upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Persónuverndarstefna þessi tekur ekki til lögaðila. Persónuupplýsingar geta til dæmis verið nafn, kennitala, símanúmer, netfang, andlitsmynd, IP-tala, upplýsingar um skráða forgjöf, rástíma og úrslit í mótum einstaklings.

Hvernig og hvaða persónuupplýsingum safnar GSÍ?

Við söfnun eftirfarandi persónuupplýsingum um meðlimi:

- Nafn.
- Kennitala.
- Andlitsmynd.
- Netfang.
- Heimilisfang.
- Símanúmer.
- Klúbbaaðild
- Forgjöf.
- Upplýsingar um skráða hringi í rástíma og mót.

Við söfnum persónuupplýsingum m.a. í eftirfarandi tilvikum:

- Þegar þú óskar eftir að vera félagi í golfklúbbi innan GSÍ eða endurnýjar aðild þína.
- Þegar þú notar vefsíðuna okkar www.golf.is og þegar þú samþykkir að fá fréttabréf og annað kynningarefni.

- Þegar þú skráir þig í mót eða á rástíma.
- Þegar þú hefur samband við okkur, s.s. óskar upplýsinga, kemur athugasemdum á framfæri, sendir kvörtun eða beiðni, með tölvupósti eða í síma.

Að auki kunna að safnast upplýsingar sjálfkrafa, s.s. þegar þú heimsækir vefsíðu okkar (t.d. IP-tala eða auðkenni tölvunnar ásamt upplýsingum um tölvukerfið sem notað er). Einnig eru skráðar upplýsingar um að þú tengist vefsíðunni okkar í gegnum hlekk og þá af hvaða vefsíðu, hvernig þú notar vefsíðu GSÍ, tími og dagsetning heimsóknarinnar. Slíkum upplýsingum kann að vera safnað með noktun vefkaka (e. cookies).

Vefkökur (e. cookies) eru litlar textaskrár sem eru vistaðar á tölvunni þinni eða öðrum snjalltækjum sem þú notar til að heimsækja vefsíðu í fyrsta sinn. Vefkökurnar gera það að verkum að vefsíðan man eftir þér og hvernig þú notaðir síðuna í hvert sinn sem þú heimsækir hana aftur. Vefkökur innihalda ekki persónuupplýsingar á borð við nafnið þitt, netfang, símanúmer eða kennitölu.

Golfsamband Íslands kann einnig að fá persónuupplýsingar um þig í gegnum golfklúbbana sem eruð aðilar að GSÍ. Slíkar upplýsingar kunna að vera skráðar þegar skrár eru leiðréttar, þegar tiltekin þjónusta er veitt. Slíkar upplýsingar kunna að vera samtengdar öðrum persónuupplýsingum um þig sem GSÍ skráir, s.s. í því skyni að geta sniðið kynningarefni sem við kunnum að senda þér betur að þínum þörfum. Þú hefur ávallt rétt á því að afþakka slíka vinnslu sbr. nánar í kaflanum Þinn réttur hér að neðan.

Hvernig notar GSÍ persónuupplýsingar?

GSÍ vinnur persónuupplýsingar í þágu starfseminnar og er tilgangurinn meðal annars að tryggja lögbundið hlutverk, sem er að efla, samræma og skipuleggja golfíþróttina í landinu. Einnig að þjónusta sambandsaðila, uppfylla skyldur sem fulltrúi Íslands í golfíþróttinni erlendis og vegna hlutverks GSÍ sem ábyrgðaraðili vegna mála sem tengjast ólympíuhreyfingunni. Sem æðsti aðili golfíþróttarinnar í landinu safnar GSÍ persónuupplýsingum einkum á grundvelli lagaskyldu, lögmætra hagsmuna, samninga og samþykkis skráðra einstaklinga.

GSÍ notar persónuupplýsingar þínar alla jafna í þeim tilgangi að halda utan um skráningu á rástímum, forgjöf eða mótum, virkja aðild þína, innheimta félagagjald til golfklúbba, til að mynda þegar við dreifum eigin kynningarefni s.s. tímaritinu *Golf á Íslandi*.

Persónuupplýsingar kunna að vera notaðar í eftirfarandi tilgangi:

- Til að sinna beiðni golfklúbba um aðgengi að golf.is.
- Til að senda tilkynningar (með tölvupósti eða sms skilaboðum) í tengslum við rástíma, forgjöf eða mót.
- Við framkvæmd viðskipta, s.s. í tengslum við reikninga, halda utan um félagkerfi.
- Við innri stjórn, s.s. áætlanagerð, stefnumörkun, eftirlit, endurskoðun, rannsóknir og við mats- og skýrslugerðir.
- Við rannsókn og til að koma í veg fyrir svikafærslur og önnur ólögleg athæfi.
- Þegar við skoðum notkun þína á vefsíðu okkar.

- Í tengslum við markaðssetningu, s.s. kynningarefni, auglýsingar, enda hafir þú áður veitt samþykki fyrir slíkri notkun. Þú getur hvenær sem er afþakkað slíkt kynningarefni (sjá nánar undir kaflanum Þinn réttur hér að neðan).
- Meginhluti þeirra upplýsinga sem safnað er í starfsemi GSÍ eru geymdar ótímabundið enda hafa þær sögulegt gildi fyrir íþróttá- og golfhreyfinguna.

Miðlun persónuupplýsinga

Við miðlum persónuupplýsingum í eftirfarandi tilvikum:

1. Til golfklúbba og félaga sem heyra undir Golfsamband Íslands
2. Þjónustuaðilar og verktakar
 - a. Í sumum tilvikum munum við notast við þjónustuaðila og verktaka til að sinna þjónustu fyrir okkar hönd. Til að mynda sjá slíkir aðilar um vinnslu við kreditkortafærslur, útsendingu tölvupósts, við greiningu, leiðréttingu eða uppfærslu á upplýsingum.
3. Við höfum gert samninga við þjónustu- eða vinnsluaðila til að veita okkur svokallaða skýjaþjónustu. Skýjaþjónusta er netþjónusta sem gerir einstaklingum og fyrirtækjum kleift að nota hugbúnað og tæki hjá þriðju aðilum. Til að mynda felst slík þjónusta í varðveislu upplýsinga í netþjónum, tölvupóstþjónustu og veflausnum. Slíkir þjónustuaðilar hafa í gildi viðeigandi stefnur og verkferla til að tryggja að upplýsingar sem þeir meðhöndla séu varðveittar með öruggum hætti hverju sinni. GSÍ notar sem stendur skýjaþjónustu þar sem upplýsingar eru varðveittar innan EES-svæðisins en það kann hins vegar að vera háð breytingum hverju sinni.
4. GSÍ kann að notast við aðra þjónustu- eða vinnsluaðila, sem fá afhentar persónuupplýsingar vegna tiltekinnar þjónustu eða vinnslu á vegum GSÍ samkvæmt þjónustu- eða vinnslusamningi. Aðeins er leitað til þjónustu- eða vinnsluaðila sem veita nægilegar tryggingar fyrir því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli gildandi persónuverndarlög og að réttindi einstaklinga séu tryggð.
5. Í öðrum tilvikum en að framan greinir kann GSÍ að nota persónuupplýsingar í samræmi við tilgang með söfnun þeirra, s.s. þegar slíkt reynist nauðsynlegt til að gæta hagsmuna þinna, til að uppfylla ákvæði laga eða fyrirmæli yfirvalda, til að grípa til varna vegna krafna sem settar hafa verið fram og til að gæta hagsmuna, verja eitur eða önnur réttindi GSÍ, meðlima, starfsmanna eða ef almannahagur krefst þess. Slík notkun persónuupplýsinga kann að eiga sér stað til að varna svindli eða við rannsókn á slíkum brotum.

Flutningur persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar kunna að vera fluttar til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), s.s. vinnsla sem á sér stað þegar persónuupplýsingar eru sendar á milli í tölvupóstum sem vistaðir eru í skýjalausnum erlendis. GSÍ ábyrgist að öll vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað utan EES-svæðisins uppfylli sömu kröfur um vernd og öryggi og gilda samkvæmt ákvæðum gildandi laga og reglugerða um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með því að afhenda okkur persónuupplýsingar samþykkir þú að slíkar upplýsingar kunni að verði fluttar og varðveittar utan EES-svæðisins.

Öryggi persónuupplýsinga

Sem ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga mun GSÍ tryggja öryggi þeirra með viðeigandi öryggisráðstöfunum, s.s. með ytra öryggi auk skipulagslegra og tæknilegra öryggisráðstafana. Öryggisráðstöfunum er ætlað að verja persónuupplýsingarnar gegn því að þær glatist, séu misnotaðar, þeim breytt og gegn allri annarri ólöglegri vinnslu. Þegar þú sendir okkur persónuupplýsingar í gegnum vefsíðuna okkar eru slíkar upplýsingar dulkóðaðar með svokallaðri SSL dulkóðun (e. Secure Sockets Layer) áður en þær eru sendar.

Þinn réttur; uppfærsla skráningarupplýsinga

Persónuverndarlög veita þér ákveðin réttindi í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga þinna, sem þó eru háð nokkrum takmörkunum og undantekningum. Nauðsynlegt er að sanna á sér deili áður en slíkra réttinda er neytt. Slík réttindi eru meðal annars: 1) réttur til að fá upplýsingar, 2) réttur til leiðréttinga og réttur til eyðingar, 3) réttur til takmörkunar á vinnslu og til andmæla, 4) réttur til að flytja eigin gögn, 5) réttur til að afturkalla samþykki, 6) réttur til að leggja fram kvörtun til eftirlitsyfirvalds (www.personuvernd.is). GSÍ verður almennt við erindum einstaklinga þeim að kostnaðalaus. GSÍ áskilur sér þó rétt til að innheimt gjald samkvæmt verðskrá ef farið er fram á afhendingu fleiri en eins afrits af persónuupplýsingum. Einnig ef beiðni er óhófleg. Hægt er að óska eftir því að virkja réttindin með tölvupósti á personuvernd@golf.is.

Aðgengi að golf.is á Netinu

1. Tenglar á aðrar vefsíður
 - a. Á vefsíðu okkar kunna að vera tenglar á vefsíður þriðja aðila sem við höfum heimilað í því skyni að veita upplýsingar, til að kynna eigin vörur og/eða þjónustu. Ef tengillinn sjálfur gefur ekki skýrt til kynna að þú sért að fara inn á vefsíðu þriðja aðila munum við kappkosta að upplýsa þig um slíkt og að viðkomandi kunni að hafa aðra stefnu en GSÍ varðandi meðferð persónuupplýsinga. Almennt má ætla að unnið sé með allar persónuupplýsingar sem þú veitir á tengdum vefsíðum af þeim þriðja aðila og að sú vinnsla fari eftir þeirri stefnu sem viðkomandi aðili hefur sett um meðferð persónuupplýsinga. GSÍ ber þannig ekki ábyrgð á neinu því efni, öryggisráðstöfunum og persónuverndarstefnu sem finna má á vefsíðum þriðju aðila sem þú tengist í gegnum vefsíðu GSÍ. Við ráðleggjum þér að kynna þér þá stefnu sem þessir aðilar hafa sett sér um öryggi og meðferð persónuupplýsinga áður en þú veitir þeim persónuupplýsingar.
2. Notkun snjalltækja til að tengjast golf.is
 - a. Við óskum ávallt eftir samþykki þínu áður en upplýsingum um staðsetningu snjalltækja er aflað eða miðlað. Almennt samþykki gagnvart farsímaþjónustu um að heimila eða heimila ekki notkun staðsetningarupplýsinga gildir ekki sjálfkrafa gagnvart GSÍ.

3. Almennt þarftu ekki að veita neinar persónuupplýsingar til að tengjast okkur í gegnum snjalltækið þitt.

Spurningar og aðstoð

Ef þú hefur spurningar í tengslum við þessa persónuverndarstefnu eða þarfnast annarrar aðstoðar þá hafðu samband í síma 514 4050 eða sendu okkur tölvupóst á personuvernd@golf.is

Breytingar á þessari persónuverndarstefnu

GSÍ áskilur sér rétt til að breyta persónuverndarstefnu þessari hvenær sem er. Breytingar öðlast gildi við birtingu á vefsíðu okkar, www.golf.is.

Þessi útgáfa var samþykkt af stjórn GSÍ þann 26. september 2019.